



1639. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
7.2.2018, kl. 11:30

1. Fundargerð 1638. fundar

Samþykkt.

2. Aðgerðahópur vegna #meetoo - staða

Formaður greindi frá starfi hópsins. Hefur m.a. fundað með fulltrúum Reykjavíkurborga og ÍSÍ og á döfnni er að fá fund með Rauðakross Íslands og Umboðsmanni barna. Í framhaldinu verði fundur með íþróttafélögum.

3. Framtíð knattúsa í Reykjavík

Skýrsla með niðurstöðum vinnufundar ÍBR með félögum samþykkt.

4. Greiðslur til félaga vegna starfskrafta í viðburðum

Tillaga lögð fram og rædd. Framkvæmdastjóra falið að klára. Þessu tengt samþykkt að halda fund með Fjölni og Ármanni, formönnum félaganna og frjálsíþróttadeilda þeirra vegna Miðnæturlaupsins. Almennt rætt um viðburðahald ÍBR, staðan verði tekin fyrir hvern og einn viðburð og framhaldið metið.

5. Þjónustugjald ÍBR - starfshópur

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt.

6. Aðildarumsókn Glímufélags Reykjavíkur

Fer í hefðbundinn farveg. Framkvæmdastjóri talar við Glímusamband Íslands.

7. Önnur mál

- Samþykkt að senda RÚV þakkarbréf vegna umfjöllunar um RIG.
- Greint frá fundi langhlaupanefndar FRÍ með framkvæmdaaðilum hlaupa. Á fundinum m.a. rætt um umgjörð, framkvæmd og reglur. Þykir ekki síst mikilvægt að bæta reglur. Skoða möguleikann á að taka upp gæðakerfi evrópska frjálsíþróttasambandsins til að meta gæði hlaupa á Íslandi.

Fundi slitið kl. 13:00

Gígja Gunnarsdóttir, ritari